



Lúxemborg, 1 febrúar 2008

## FRÉTTATILKYNNING 01/2008

### Dómur í máli E-4/07

#### **Andstætt EES-rétti að taka ekki tillit til lífeyrисиðgjalda í öðrum EES-ríkjum**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um þrjár spurningar sem honum bárust frá Héraðsdómi Reykjavíkur í tengslum við mál sem þar er rekið milli íslensks sjómanns og Gildi-lífeyrissjóðs.

Tildrög málsins voru þau að sjómaðurinn flutti frá Íslandi til Danmerkur þar sem hann varð fyrir vinnuslysi og hlaut við það örorku. Hann var þá aðili að dönskum lífeyrissjóði og hafði ekki greitt iðgjöld í Gildi frá því hann flutti frá Íslandi. Í kjölfarið fékk hann greiddar örorkubætur frá Gildi á grundvelli áunninna stiga hjá sjóðnum. Sjóðurinn hafnaði því hins vegar að hann ætti rétt á bótum á grundvelli framreiknaðs stigafjölda, þ.e. stiga sem hann hefði áunnið sér ef hann hefði átt aðild að sjóðinum fram að eftirlaunaaldri, þar sem hann uppfyllti ekki það skilyrði að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 6 mánuði síðustu 12 mánuði fyrir slysið.

Í úrlausn dómsins kemur fram að örorkubætur byggðar á framreiknuðum réttindum sem greiddar eru í lífeyrissjóðakerfi eins og því íslenska falla undir Reglugerð (EBE) 1408/71 um almannatryggingar. Samkvæmt dóminum samræmist það ekki reglugerðinni að taka ekki tillit til iðgjalda sem greidd eru í almannatryggingarkerfi annarra EES-ríkja þegar metið er hvort einstaklingur uppfylli skilyrði eins og það sem Gildi vísaði til, þ.e. að einstaklingur hafi greitt iðgjöld í lífeyrissjóð sem tilheyrir ákveðnum hópi sjóða í ákveðinn tíma fyrir slys. Þá segir í dóminum að þótt krafa skuli lögð fram í því ríki þar sem bótakrefjandi er búsettur og á bótarétt þegar slys verður hafi það ekki áhrif rétt hans samkvæmt Reglugerð 1408/71 þótt hún sé lögð fram í öðru EES-ríki.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.